

8. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2010, haldinn 22. nóvember, kl. 13.00, í Flúðaskóla. 5. fundur kjörtímabilsins vegna Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir fulltrúi kennara, Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Axel Árnason Njarðvík, fulltrúi úr skólaráði. Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, boðaði forföll.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Fjárhagsáætlun 2011.
3. Skólanámskrá.
4. Leiðarvísir fyrir skólanefndir.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Forvarnavika í unglíngadeild byrjaði á því að nemendur í 8. - 10. bekk fengu heimsókn frá þeim Rósu, Dúu og Kristmundi Axel. Farið var vítt og breytt yfir ýmis mál eins og áfengis- og fíkniefnaneyslu, ábyrga kynhegðun og samkynhneigð. Á fimmtudeginum komu sveitarstjórnarmenn í heimsókn í 9. bekk og spjölluðu við krakkana. Miðvikudaginn í vikunni á eftir kom Jóhannes Sigmundsson á vegum UMFÍ í tengslum við verkefnið.

7. bekkingar heimsóttu Þjórskóla, en það er liður í samstarfi skólanna.

10. bekkingar fóru til Reykjavíkur í náms- og skemmtiferð, þar sem þau fóru meðal annars í heimsókn á Alþingi og skelltu sér í leikhús.

Nemendur í 1.- 7. bekk hafa fengið afhent endurskinsmerki sem við fengum hjá VÍS.

Verið er að útbúa fána til að setja á ljósastaura, til að vekja athygli á því að börn séu á ferð. Myndirnar eru eftir Söndru Dögg Eggertsdóttur í 9. bekk og Olgu Rós Guðjónsdóttur í 8. bekk.

Keypt hafa verið húsgögn í eina stofu í unglíngadeild, sú ákvörðun var tekin þegar ljóst var að aðhaldsaðgerðir innan hús hafa skilað okkur þeim árangri sem raun ber vitni.

Námsmat fór heim með nemendum í lok síðustu vik og voru kennarar hvattir til að fylgja þeim eftir þar sem þörf krefur og hafa samband við foreldra. Einkunnir úr samræmdum prófum eru komnar í hús. Enn vantar landsmeðaltal og aðra útreikninga fyrir 4. og 7. bekk. Prófin sjálf eru væntanleg fljótlega.

10. bekkur	Íslenska	Stærðfræði	Enska
Flúðaskóli	6,1	6,4	6,5
Suðurkjördæmi	5,9	6,0	6,5
Landið allt	6,2	6,5	7,1

	Íslenska	Stærðfræði
4. bekkur	6,0	7,5
7. bekkur	6,8	6,1

Krakkarnir í 9. og 10. bekk fóru í heimsókn á Laugarvatn (ML) í síðustu viku. Krökkunum var boðið í mat, fengu kynningu á skólanum og kepptu í skák. Þau fengu einnig að fylgjast með söngvakeppni skólans, „Blítt og létt“.

2. Fjárhagsáætlun 2011.

Formaður fór yfir málið. Farið var einstaka liði áætlunarinnar.

Axel Árnason Njarðvík lagði fram eftirfarandi bókun: „Efla á grunnskóla sveitarfélagins eins og framast er unnt, auka menntun kennara og gera starf þeirra eftirsóknarvert og leggja áherslu á opin og spyrjandi huga barnanna okkar og hjálpa þeim að þróa með sér gagnrýnt hugarfar“.

Í fjárhagsáætlun er lagt til að verð á skólamáltíð hækki úr 220 kr. 230 kr.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 samþykkt og vísað til sveitarstjórnar. Áætlunin er í viðhengi með fundargerðinni.

3. Skólanámskráin.

Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar.

4. Leiðarvísir fyrir skólanefndir.

Lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál.

- a) Sameiginlegt skólaráð. Skólastjóri lagði til að sérstakt skólaráð verði fyrir grunnskólann í stað núverandi fyrirkomulags. Fræðslunefnd samþykkir breytinguna með fyrirvara um niðurstöðu fundar fræðslunefndar í leikskólanum.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.30.